

Verðlaun gefin fyrir Coupons og umbætur

**ROYAL CROWN SOAP**

Sending eftir verðlauni til Royal Crown Soap Ltd. 654 Main St., Winnipeg.

# Heimskringla

Verðlaun gefin fyrir Coupons og umbætur

**ROYAL CROWN SOAP**

Sending eftir verðlauni til Royal Crown Soap Ltd. 654 Main St., Winnipeg.

## Canada.

### FRA FYLKISÞINGINU Í MANITOBA.

Miðvikud. 26. marz.

Mr. Bernier, St. Boniface, hélt 50 mínútna ræðu út af vinkaupum og sölu stjórnmála. Hélt því fram, að svo líti út sem stjórnmál beittist fyrir því, að menn drykkju sem mest að sterkum áfengi, í stað þess að sjá mönnum fyrir léttari og ódýrari vínnum. Skoraði á hana að gera það og sömuleiðis að sjá um að menn vissu hvaðan og hvaða vín menn væru að kaupa. Allur væri varinn höfður. (Hey! Hey!). Þingsalurnin hálfstundur meðan á ræðunni stóð.

Rætt var um frumvarp Mr. Bracken, um að endurbæta illgresislög. (Noxious Weeds Act). Var það máli sett í nefnd, en þeir herrar Willis, Evans, Hamelin, Yakamichak og Taylor, létu í ljósi það álit, að fylkið setti að gera meir en áður til þess að hjálpa sveitastjórnunum til þess að verjast hættunni, sérstaklega þar sem fylkið eða ríkið setti lönd, sem enga skatta borguðu í sveitastöðum. — Sex ný frumvörp voru lögð fyrir þingið.

Fimmtudaginn gekk að mestu leyti í skraf um smámmál. Mr. Queen fann að því að tvö frumvörp hefðu komið til umræðu á miðvikudaginn frá 6-6.15 e. m. Þar sem þingskóp ákvað að fundi skyldi frestað til kl. 6. á miðvikudaginn. Var ekki víst um að þessar umræður hefðu verið löglegar. Mr. Bayley sagði, að ef þær hefðu verið löglegar þá setti Norrisstjórnin sannleiga ennþá að völdum; hún hefði ekki verið feld á sínum tíma fyrir en eftir kl. 6.

Major Taylor var ekki viðbúinn, að halda áfram umræðum um Hudsonlóa járnbrautina, svo þeim var frestað. — Enn komu sex ný frumvörp fyrir þingið.

Föstud. 28. marz.

Mrs. Rogers þótti leit að stjórnmálum í hafið minna útgjóld til opinberra líknastríðssemi (Public health nurses) úr \$35,000 niður í \$25,000. Hjúkrunarkonur hans opinbera leystu start sitt þrýðilega af hendi, og væri þetta léleg stjórnmálavíðvika. Ivens og Farmer voru á sama máli. Ivens vildi líta hjúkrunarkonur heimsækja alla skóla fylkisins tvisvar á ári hverju að minsta kosti. — Willis (cons.) vildi fá læknaárátt og ókeypis lækningahjálp í öllum sveitum. Litlið gagn að hjúkrunarkonu, sem ekkert gæti bætt úr, ef veikindi væru fyrir, annað en gefa skýrslu um það. — Hor. MacLeod kvað stjórnlina ekki hafa breytt skoðun sinni í þessu máli. Hún vildi enn borga einn þriðjapart af kaupum þeirra hjúkrunarkvónna, sem sveitirnar vildu festa. — Mr. Haig hvatti til þess að komja í veg fyrir veikindi og stjórnlina að styðja unga lækna til vísindarannsókna er mættu leiða til líks árangurs og insulínuppötvunar. Dr. Bantling. — Mr. Newton, Roblin, sagði að sveita stjórnmál gerðu rétt í að taka ekki hjúkrunarkonur í þjónustu sína, nema þær borguð sig. Svö hefði Roblin sveitastjórnin gert, en verið hallmælt af félum ofstækkisönnunum. — Mr. Brown kvað sum ar sveitir hafa horfið frá opinberu líknastríði, vegna þess að þær teldu peningum eigi vel varið til þess; ekki vegna þess að þær hefðu ekki peninga. — Mr. Barclay, Springfield, kvað stjórnlina myndi sjá um að heilbrigðisál Manitoba stæðu ekki á bakl annara fylkja. Ef menn vildu borga. En hvað þýddi

á tala um að greiða svo mikli fé til opinberra mála, meðan fólk hefði á móti því, að greiða tíu og tuttugu dalli í skatt. — Hér leit Queen strengilega á Barclay og Barclay líllega á Queen. Tillaga Mrs. Rogers um að lækka ekki úr \$35,000 var feld með 26 atkv. móti 12. Tillagan var studd af Liberals, Labor og einstaka Con. og Independants. Major Taylor greiddi atkv. með stjórnlina.

Þá kom Mr. Evans með tillögu um að fjárbæturáskjal skyldi enda 30. nóv. eins og áður í stað 31. ág. Mr. Bracken kvaðst hyggja að stjórnlina myndi aðhyllast þessa, tillögu en vildi eigi binda sig nú. Tók Mr. Evans þá tillöguna aftur.

Mánud. 31. marz.

Mr. Ivens talaði fyrir því, að fjárbæturáskjal skyldi enda 30. nóv. og að þingið skyldi þá koma saman um sama leyti. Væri það eins auðvelt og að setja það eftir þjár. Taldi og óréttmætt að álösa þingið þó það setti framfrýtt tillæknin tíma. Þingmönnum veitti ekki af að átta sig á málinum.

Mr. Taylor mótmælti klausu einni í frumvarpinu um endurbót á kvíð. Mótmælingin var lögð í hepdur dómsmálaráðgjafans vald til þess að kalla saman yfirvöldin og í alveg sérstökum tilfallum.

Hon. Mr. Craig kvað sér sama standa um þetta ákvæði. Fyrir sér mætti það gjarna falla í burtu.

C. N. R. Járnbrautin hefir haft rúma \$200,000 dalli í hreinan ágóða í Janúar og febrúar 1924, og er það meira en þriðgigi og hálfur milljónar tekjur meira, en á sama tíma í fyrra, og í fyrsta skifti í sögu samsteypunnar, sem fyrsti þjóðungur ársins mun fara félaginu gróða.

Mr. Collin H. Burnell forseti, og F. W. Ransom ritari bráðþyrgrá-nefndarinnar eru sammála um það að samvinnufélag hveitifræmleisenda í Manitoba mun komast á löggirnar. Á mánuðaginn bættust sambandinu 70,000 ekrur, og í gær var búist við eins miklu eða meiru. Og þar sem hálfur mánuður er eftir enn til stefnu, og skýrslur eru ekki komnar frá helming smalanna, þá má telja víst að meiri en milljón ekrur verðskommur í sambandið kringsum 11. apríl næstkomandi.

### Hljómleikar.

Mrs. og Mr. Hall héldu hljómleika, sem auglýst var á fimtugdaginn var, með aðstoð Mr. B. L. Kurth og Miss Floa Matheson. Hljómleikarnir voru vel sóttir og verðskuldúði það líka. Söngskráin var ágætlega valin, hæfilega samblandað gömlu og nýju.

Frúin byrjaði með því að syngja 6 söngva eftir Mozart, Sgambati, Bishop, Massenet, og tvo útsetta allþjóðsöngva frá Ítalíu og Englandi.

Yndisfallett er fyrsta lagið Porzi Amor eftir Mozart, og sérstaklega vel söng frúin næstu þrjú lög. Separazione eftir Sgambati var sungið með mikilli og sannri tilfinningu og sömuleiðis La Colomba, sem þó kannsekk hefir mátt syngja eilitið hraðara. "Phyllis has such charming graces" söng hún með "charming graces", eins og þeir vita, er hafa heyrt hana syngja gömlu ensk þjóðlög.

Kvefjandi var að heyra barsmíðina í hjónavélarpípuinu meðan frúin söng arluna eftir Massenet, það var eins og viskurtur söngstjóri væri að berja hljóðfallið með trúþnálli á járnþnúnu.

Það setti á svona kvæðum, að vera búið að hita söngsalinn svo vel, áður en hljómleikar byrja, að loka megi fyrir gufuna.

Frúin var kölluð fram og gefinn hlýrþöndur, kölluð aftur fram, og tveir fleildir menn sendir með nýjar blómakljafar upp að söngpallinum.

Miss Floa Matheson spillaði á fíflu Handeilsónótuna í F. — Miss Matheson er kornung, og vitanlega ekki fullkominn ennþá; boga höndin er dálítið stíð, sérstaklega í axlarlögnum og yndu hún því nokkuð handföst á bogunum í síðari hluta sónotunnar, og við margbættan leik og harmonies ræður hún ekki fylfilla enn, sem ekki er víst að búiast. En hún er aðbreytilega hljómmæn spillaði fallega legato og hlaup frá sterku spili til veike voru góð, mjúk og vel stillt. Miss Matheson var kölluð fram aftur, sömuleiðis í seinna skifti, er hún spillaði Kreisler, og Kreisler að auki.

Á þeim lögum er eftir Hall söng síðari skiftin tvö, er hún kom fram, fannst mér sérstaklega vel sungið, "Sunset Lights the West" eftir Franz, þar sem bæði söngur og spilið höfu ágætlega því stíggugi, sem er á laginu, regluðu þessu "Aufschwung", og svo lög eftir professor Hall, hvert öðru yndislega og hugguðara. — Það skyldi ekki undra mig, ef þetta fyrirhugaða nýja lagasafn fengi sövnujögðvar víðtökur meðal allra Íslendinga austanhafs og vestan, og mörg af þeim lögum settu eftir að verða jafnan talin með uppáhaldsögnum Íslensku þjóðarinnar.

S. H. F. H.

### Frá Íslandi.

Þáttinn er hér í bændum s. l. sunnudag ekkjufrú Ingibjörg Ólafsdóttir frá Flatatungu í Skagaflrói, 84 ára gömul, fædd 23. júní 1839. Hún giftist Þorkelli Pálssyni 1859 og bjuggu þau saman í rúm 30 ár á Frostastöðum og Flatatungu. Höfðu þau stórt bú jafnan, eftir því sem þá gerðist í Skagaflrói. Þau eignuðust 6 börn og eru þessi

þrjú á lífi: Þorkell, forstjóri lög-gildingarstofunnar, Páll, hér í bæ, og Pálfína nú í Vesturheimi, en þrjú eru látin: Anna, gift. Sigurjóni Bergvinskyri í Vesturheimi, Guðný, gift. Sigrýggi Jónssyni, trésmíðameistara á Akureyri, (börn þeirra hafa tekið sér ættarnafnið Eshólm), og Ósál er dó ókventur. Barnabörn hennar eru 10 á lífi og dóttur-dótturbörn 7, (börn Lárusar Rista á Akureyri og Margrétar sál. Sigurjónsdótturu. Ingibjörg sáluga var ern og hafði tófatvist þangað til hún veiktist fyrir rúmum mánuði. Hún hélt sjón og las gleða augnalaust og fylgdist vel með þeim málum, er biðin ræddu, en beyrn hennar var farið að bilja. Hún hafði verið hjá börnum sínum síðan hún misti manninn, og dó á heimili Þorkels sonar síns.

Frönsk skúta "Augusta" að nafni, heimilisfang ekki kunnugt, strandaði aðfaranótt 10. þ. m. í Óræfunum. Af skipabroffinni, sem samtals var 15 manns, dó einn maður af meiðslum, sem hann hlaut við strandið, en hinir komust klaklaust til byggja.

Þorreyri 11. marz. — Esjan kom hingað í kvöld. Var svo mikill lagnaðarís á legunni, að skipið varð að bjóta sig áfram á að giska 150 metra, og lagðist að svo sterkri skör, að farþegar gátu gengið á ís frá borði. Á sumum höfnum hafa sangöngur verið bannaðar við ótta við að farþegar þæru með sér í fliðensu, t. d. á Kópaskeri, Hásvík og Skagastroð. Á síðast nefndri höfn var farþegum, sem þangað ætluðu, bönnuð landganga, og fóru þeir af skipinu á Blönduól. Á Vopnafirði var sóttin svo útbreið, þegar Esja var þar, að erfitt var að fá skipið afgreitt, en mjög var veikin væg.

Síðan um áramót hefir lögskráning á skipafloatum verið sér hæg segin, og skal til fróðleiks tekið fram, hve margir af skipverjum eru inn-ambærjarnum (þar eru Seltirningar einnig taldir með) og hve margir utanbæjar. Á 25 togurum höðan eru lögskráðir alls 766. þar af 560 Reykykingar og 216 utanbæjarmenn. Einn togarinn, Walpole, hefir ekki látið skrásetjast hér á þessu ári, en af þeim mönnum, sem á honum voru um áramót, voru 13 Reykykingar og 6 utanbæjarmenn. Þeir, sem þar hafa bætist við síðan eru skráðir í Hatnarfirði. Á skipunum Gullfoss, Lagarfoss, Ville moses, Esju, Þór og Suðurlandi eru 126, þar af 91 úr Reykjavík og 35 utan bæjar. Á þilskipum, sem stunda hagdærafæðar, 7 samtals, eru alls 213 manns 63 úr Rvík og 148 utanbæjar. Samtals eru því á floatunum 1132 menn, 727 úr Reykjavík og 405 annarsstaðar af landinu. Skipstjórnin á Goðafossi er ekki talin hér með, því að skipið hefir ekki komið hér síðan um áramót, og því skráð annarsstaðar.

### Vilborg P. Árnason



andaðist á heimili sínu Spanish Fork Utah 18. janúar 1924. Hún var fædd að Hjáleigusögdum rétt fyrir utan Seljaland undir Eyja-fjöllum 4. febr. 1831. Þar bjuggu foreldrar hennar, Þórður bóndi Sveinsson, Eyjólfssonar á Hryggjum í Mýrdal, Dorsteinnssonar smíðs á Vatnsskarðshólum, Eyjólfssonar, Jónssonar, Eyjólfssonar, Björnssonar, Höskuldssonar prests á Keldum á Rangárvöllum, Einarssonar prófests í Þingmúla, í Mýlasýslu 1600-1627. Hinn göfugasti maður og skáldmæltur vel — Sigurðssonar. Þórður faðir Vilborgar var tví-giltur; átti fyrst Geirlaugu Ólafsdóttur frá Hvammi, og síðar Ólöfu Þorbjörnsdóttur frá Kirkjubæ í Vestmannaeyjum, og var hún móðir Vilborgar, talin mesta myndar- og merkiskona.

Árið 1855 fluttist Vilborg til Vestmannaeyja og gerðist vinnukona hjá hjónunum Pétri Jónssyni (setuðum úr Reynisókn í Mýrdal) og Guðrúnu Eyjólfsdóttur, ættadri úr Solheimasókn í Mýrdal, til heimilis í svonefndu Elnarhúsi þar í Eyjum.

Hinn 12. október 1861; þá 30 ára að aldri giftist hún syni þessara hjóna, Jóni Pétursyni, er þá var óorðinn fyrirvinnna hjá móður sínni, sem þá hafði mist mann sinn. Áttu þau Jón og Vilborg saman 4 börn: Guðrúnu Soffíu, Ólöfu Þóróunu, Jóhann Pétur, og Vilbjálmi.

Jón maður Vilborgar andaðist 15. júlí 1868, 39 ára að aldri, dvaldist Vilborg eftir lát manns síns, sem ekkja í Elnarhúsi, unz hún giftist í annað sinn, Sigurði Árnasyni, vinnumanni sínum, 9. nóvember 1872. Var hún 41 árs en hann 30 ára.

Trepum tveimur árum síðar, fluttust þau til Vesturheims, ásamt 4 börnum hennar, og settuð að í bænum Spanish Fork, Utah, hvar þau bjuggu síðan til dauðadægrurs.

Sigurður Árnason andaðist 9. marz 1923 rúmli áttíuður, og höfðu þau þá lifað saman í farselu hjónabandi rúm 50 ár.

Vilborg var fermd í Stórnadal Kirkju 1845 af séra Bjarna Jónssyni, er þá var prestur þar (Brandabjörn svo nefndur), og er í kirkju bókum Stóradals, við þá tækifæri, gefinn vitnisburðurinn "gáfuð og skikkanleg", sem á sénni árum hennar og alla efi reyndist áþreifanlegur sannleiki. Hún var alla sína æfi 93 ár, mesta myndar- og merkiskona, átti fjölda góðra vina; var umhyggjusamasta húsmóðir, elskuleg móðir og trúfest eiginkona. Þau Sigurður og hún, áttu engin börn saman, en þau ötu upp að miklu leyti 3 af dóttursonum hennar, og gengu í foreldra stað. Einn af þeim, Sigurð, frá því hann fæddist. Og hjá honum og konu hans, andaðist gamla kona í kyrð og ró, eftir langt, fagurt og vel unnið dagsverk á lífsleitin.

Á þræðrum og systur Vilborgar veit og ekki til að neitt sé lífandi, og því séður annað tréandfól heitar heima á Íslandi, en hér í Spanish Fork og víðar, eftirlit hún 22 barnabörn og 45 barnabarnabörn, ásamt einum syni og dóttur, sem nú eru þarði á sextugs aldri.

Sigurður Árnason og Vilborg kona hans bjuggu í Spanish Fork fyrirmyndarhúsi í nær 50 ár, og voru talin mestu heidurs og fyrirmyndar hjón. Þau voru vel í veið og gerðu mörgum gott, því ekki skortir þau heldur greiðsemi og gestrisni, sem þau héldu til æviloka. Og að endingu afleiddu þau það penna fósturson sinn, Sigurð, — sem fullu nafni hefir Arthur Sigurður Johnson, að öllum eignum sínum, bæði dauðu og lífandi. Hann býr nú miklu myndarhúsi á þessari fósturfor eldraleifð sínni. — Áfa síns og Ömgu. — Var hann og þeirra eilífstóð sem umhyggjusamur sonur. Sá hann um útför þeirra í besta lagi, og reynti þeim að endingu laglegan og dýran minnisvarða í grafreit bæjarinnar, þar sem þau hvíla nú bæði saman, eftir langt og velunnið dagsverk.

Fríður Guðs hvíli yfir moldum þeirra.

Spanish Fork, Utah, 25. marz, 1924.

Einar H. Johnson.

**HLUTHAFAFUNDUR**

**The Viking Press, Limited.**

Föstudaginn 4. apríl verður hluthafafundur haldinn í hlutfélaginu "Viking Press", á skrifstofu félagsins, 533. Sargent Ave., Winnipeg.

Rædd verða mál viðvirkandi hag félagsins og hluthafar alvarlega ámintir um, að sækja fundinn.

Dagssett 25. marz, 1924.

S. Þorvaldsson Röggy, Pétursson  
forseti. skrifari.

B. S. L.